

Uppgjör aðgerðar- og svæfingarlækna við einstaklinga eftir 1. maí 2017

Þann 1. maí næstkomandi tekur gildi nýtt greiðsluþátttökukerfi kostnaðar einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu.

Til þess að koma í veg fyrir að einstaklingar þurfi að greiða hámarksgjald (24.600 eða 16.400 kr.) miðað við sína réttindastöðu bæði hjá aðgerðar- og svæfingarlækni mæla SÍ fyrir um eftirfarandi verklag við afgreiðslu á aðgerðar- og svæfingarlæknum.

Til að reikningar frá svæfingarlæknum og aðgerðarlæknum komist í gengum villuprófanir hjá Sjúkratryggingum, þá þarf að viðhafa eftirfarandi verklag við gerð reikninga þar sem aðgerðarlæknir og svæfingarlæknir koma að sömu aðgerð:

1. Aðgerðarlæknir gerir sinn reikning alltaf á undan svæfingarlækni. Einstaklingur greiðir samkvæmt upplýsingum í stöðuskeyti fyrir aðgerð.
2. Svæfingarlæknir gerir sinn reikning á eftir aðgerðarlækni. Við uppgjör einstaklings er tekið tillit til greiðslu hans í reikningi aðgerðarlæknis.
3. Einstaklingur á aldrei að greiða samanlagt hærra fjárhæð hjá aðgerðar- og svæfingarlækni en greiðslumarkið (hámarksgreiðsla mánaðar) í stöðuskeytinu.
4. Svæfingarlæknar þurfa að útfæra tölvukerfin hjá sér með þeim hætti að einfalt sé að taka tillit til fjárhæðarinnar sem einstaklingur hefur þegar greitt hjá aðgerðarlækni. Mismunur greiðslumarksins og þess sem greitt var í reikningi aðgerðarlæknis er sú fjárhæð sem einstaklingur greiðir svæfingarlækni.
5. SÍ tekur við reikningunum og gerir upp hvorn reikning fyrir sig í samræmi við greiðslur einstaklinga eins og þær eru skráðar í reikningana.

Allar fyrirspurnir óskast sendar á gtk@sjukra.is.

Með kveðju,

TMS - Heilbrigðislausnir